

BRÉF**menntamálaráðuneytisins um breyting á reglum um einkunnagjöf í Menntaskólanum á Akureyri.**

Menntamálaráðuneytið ritaði hinn 24. janúar 1968 skólameistara Menntaskólans á Akureyri bréf það, er hér fer á eftir, um breyting á reglum um einkunnagjöf í Menntaskólanum á Akureyri:

„Með vísun til bréfs starfandi skólameistara, dags. 12. þ. m., heimilar ráðuneytið hér með, að gerðar verði eftirtaldar breytingar á einkunnagjöf í Menntaskólanum á Akureyri:

1. Gefin verði sérstök einkunn í **efnafræði**, bæði við árspróf og stúdentspróf.
2. Sérstök einkunn í **verklegri eðlisfræði** falli niður, en prófað verði í verklegri eðlisfræði á stúdentsprófi eins og verið hefur.
3. Framangreind ákvæði taka til beggja greina stærðfræðideildar.
4. Í **náttúrufræðideild** þeirri, sem nú starfar í reynsluskyni, verði gefin sérstök einkunn í **lífefnafræði**.
4. Í þeirri deild verði ein einkunn í **stærðfræði**, sameiginleg fyrir munnlega og skriflega stærðfræði.

Breytingar þessar komi til framkvæmda vorið 1968 og gildi, unz öðru vísi kann að verða ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 24. janúar 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarsamband Austurlands.

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Búnaðarsamband Austurlands er eitt jarðræktarsamþykktarsvæði og heitir Ræktunarsamband Austurlands.

2. gr.

Ræktunarsamband Austurlands tekur að sér, á þann hátt, sem nánar er tekið fram í samþykkt þessari eftirgreind verkefni, er nái til allra jarða á samþykktarsvæðinu eftir því sem bezt á við á hverjum stað, að undanskildum þeim jörðum, er falla kunna undir ákvæði IV. kafla jarðræktarlaga nr. 22/1965:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðar framræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á tünnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar lands.